

Skorradalshreppur
Hvanneyrargötu 3
Hvanneyri
311 Borgarnes

Garðabær, 4. mars 2025
202501-0129/S.V.
08.02

Efni: Tillaga - Deiliskipulag frístundabyggðar - Kiðhúsali í landi Fitja

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skorradalshrepps er barst 27.1.2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um vinnslutillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Kiðhúsala í landi Fitja í Skorradalshreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið gengur út á skipulag níu frístundalóða í frístundabyggð sem byggðist upp á árunum 1970 til 1983. Um er að ræða lóðirnar Fitjahlíð 47, 49, 51, 53, 54, 56, 58, 60 og 62. Skipulagssvæðið er samtals 2,3 ha. að stærð og er beggja vegna Skorradalsvegar.

Fráveita

Náttúruverndarstofnun vísar til fyrri umsagnar, þá Umhverfisstofnunar, frá 7. febrúar 2024 við vinnslutillögu að deiliskipulagi frístundabyggðarinnar, þar sem bent var á mikilvægi þess að í forsendum skipulagsins sé fjallað um hver staða fráveitumála sé á svæðinu, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans. Bent var á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 (gr. 4.3) um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Þrátt fyrir ákvæði í 3. mgr. getur heilbrigðisnefnd heimilað að beitt sé öðrum lausnum en safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki þar sem losun er minni en 2.000 persónueiningar og ef ríkar ástæður mæla með, svo sem ef kostnaður er óvenjumikill miðað við umhverfislegan ávinning. Við mat á slíkum lausnum skal heilbrigðisnefnd taka tillit til gæða, getu og skilgreiningar viðtaka, jarðvegsgerðar, legu lands og umhverfisaðstæðna að öðru leyti. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Í þeirri reglugerð (gr. 13.4) kemur fram að skólþi og öðru fráveituvatni sem verður ekki veitt í almenna fráveitu, t.d. frá frístundahúsum, skal afla fyrimæla og leyfis heilbrigðisnefnda hverju sinni.

Náttúruverndarstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólþ nr. 798/1999, en gr. 7.2 sem fjallar um hreinsun skólþs segir: „Skólþ skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar

Náttúruverndarstofnun

vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndanna eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða, sbr. II. viðauka A.”

Náttúruverndarstofnun bendir á að Skorradalsvatn nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Stofnunin vill einnig benda á [leiðbeiningarit um minni fráveitur](#) sem hægt er að hafa til hliðsjónar. Þá bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Virðingarfyllt,

Sigrún Valgarðsdóttir

sérfræðingur

Axel Benediktsson

sérfræðingur